
Sauðárkrókhöfn, Sveitarfélaginu Skagafirði

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 10. júní 2022 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarhafna vegna Sauðárkrókhafnar samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.09 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarhafna.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Sauðárkrókhöfn. Matsáætlun. Útg. 1.0. Stoð verkfræðistofa – Sveitarfélagið Skagafjörður og Skagafjarðarhafnir 10. júní 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði 9. ágúst 2022, Hafrannsóknastofnun 18. júlí 2022, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra 31. ágúst 2022, Minjastofnun Íslands 10. ágúst og 26. september 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 3. ágúst 2022, Samgöngustofu 12. ágúst 2022, Umhverfisstofnun 21. júlí 2022 og Vegagerðinni 16. ágúst 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 22. september 2022.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarhafna um stækkun Sauðárkrókhafnar á Sauðárkróki og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Í matsáætluninni kemur fram að áætlað umfang landfyllingar sé 256.000 m³ og 4,34 ha að flatarmáli. Stefnt er að því að nota efni úr námum sem og efni sem fellur til við uppgröft húsgrunna í sveitarfélaginu og dýpkunarefni. Þá er fyrirhugað að höfnin á Neðri Eyri verði stækkuð til austurs, einnig stendur til að lengja sandfangara og halda áfram með landvinninga. Áframhald verður á viðhaldsdýpkun í innri höfninni, lenging verður á Norðurgarði auk landfyllingar í Sætúni ásamt nýrri bryggju og landfyllingu sunnan Suðurgarðs, reisa á byggingar og fara í gatnaframkvæmdir.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til greinargerðar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarhafna.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.



Mengun við dýpkunar- og landfyllingarframkvæmdir

Í matsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar er ekki að finna umfjöllun um möguleg mengandi áhrif af framkvæmdinni.

Náttúrufræðistofnunar Íslands bendir á í umsögn sinni að fjalla þurfi um möguleg áhrif mengunar við dýpkunar- og landfyllingarframkvæmdir. Meta þurfi hvort einhver hættu sé á að mengað set sé á svæðinu og eða að mengun berist með haugsetningu. Tengja þurfi slíkt við áhrif á strauma og lífríki.

Framkvæmdaraðili segir í svörum sínum að gætt verði sérstaklega að því að mengað efni verði ekki nýtt við landfyllingu eða losun í sjó og verður fjallað um þennan hluta framkvæmdarinnar í umhverfismatskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf mælingar á botnseti og gera grein fyrir niðurstöðum mælinga á botnsetinu m.t.t viðmiðunargilda á styrk mengandi efna í dýpkunarefni í matskýrslu. Gera þarf ítarlega grein fyrir hvernig farið verði með dýpkunarefni sem reynist það mengað að ekki megi varpa því í hafið skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og eftir atvikum ekki unnt að nýta í landfyllingar. Einnig þarf að gera grein fyrir því í umhverfismatskýrslu hvernig staðið verði að því að flytja mengað efni sem unnt er að losa í landfyllingar og koma því fyrir án þess að það mengi út frá sér. Í umhverfismatskýrslu þarf að gera grein fyrir magni þess efnis sem varpa þarf í hafið og staðsetningu efnislosunarsvæða, ef til þess kemur.

Lífríki

Í matsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar kemur fram að ekki séu til aðgengilegar upplýsingar um lífríki botndýra við höfnina en landvinningar með sandfangara og landmyndanir í kverkunum við Norðurgarð og Suðurgarð gefa til kynna að sjávarbotninn sé sífellt að breytast. Framkvæmdaraðili mun í umhverfismatskýrslu fjalla um niðurstöður úr sýnatöku á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að mikilvægt sé að könnun á botndýralífi fari fram á áhrifasvæði framkvæmdar, í gögnum framkvæmdaraðila segir að sýnataka sé fyrirhuguð á framkvæmdarsvæði sem muni verða borin saman við aðrar rannsóknir. Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands benda á að skýra þurfi betur hvernig sú sýnataka muni fara fram og tilgreina þurfi nákvæma staðsetningu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra kemur fram gagnrýni á umfjöllun um lífríki í greinargerð framkvæmdaraðila. Notast sé við gamlar mælingar á svifdýrum og fiskum sem sé að finna utan hafnarmannvirkjana. Svæðið næst höfninni sé sendinn sjávarbotn með fábreyttu botndýralífi sem sé opinn fyrir straumum og brimi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir endanlegri staðsetningu sýnatökustaða með fullnægjandi nákvæmni ásamt fjölda sýna. Sýnatakan muni fara fram á svæði sem fari undir landfyllingu og á nærliggjandi svæðum. Þá verði framkvæmd könnun á botndýralífi og úttekt á fuglalífi í samráði við Náttúrufræðistofnun áður en framkvæmdir hefjast á Neðri Eyri.

Skipulagsstofnun bendir á að um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir sem muni standa yfir í þó nokkurn tíma með óhjákvæmilegum afleiðingum á umhverfið, þ.m.t. á fuglalíf og botndýralíf. Skipulagsstofnun bendir á að í umhverfismatskýrslu þarf að fjalla um áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og leggja mat á áhrif dýpkana, gerð landfyllinga og efnislosunar á lífríkið, í ljósi niðurstöðu sýnatöku, og m.a. leggja mat á útbreiðslu gruggs og möguleg áhrif þess á lífríkið.



Fráveita

Í matsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar kemur fram að helstu umsvif í veituframkvæmdum við framkvæmdina snúi að fráveitu. Ekki sé gert ráð fyrir að lega stofnlagna vatns- og hitaveitu breytist að miklu leyti við framkvæmdirnar. Leiða eigi sóttmengað skólþ til suðurs, meðfram Eyravegi og Strandvegi og hætta að veita því í núverandi útrásir á svæðinu. Útrásur muni fækka og veita eigi eingöngu lífrænu frárennsli í sjóinn.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra kemur fram að umfjöllun um frárennismál ætti að vera ítarlegri og greinarbetri. Umfjöllunin veki upp fleiri spurningar en svör.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Norðurlands, að ástæða sé til í umhverfismati að fjalla um og leggja mat á áhrif fráveituframkvæmda sem tengjast framkvæmdinni. Í umhverfismatsskýrslu þarf því að gera grein fyrir breyttri legu útrása og hreinsun fráveitu.

4 Niðurstaða

Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða matsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarhafna ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu þarf að:

1. **Mengun við dýpkunar- og landfyllingarframkvæmdir:** í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum mælinga á mengun í botnseti m.t.t. viðmiðunargilda á styrk mengangi efna í dýpkunarefni og gera ítarlega grein fyrir hvernig verði farið með dýpkunarefni sem reynist það mengað að ekki megi varpa því í hafið, skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, og eftir atvikum ekki unnt að nýta í landfyllingar. Þá þarf einnig að greina frá hvernig verði staðið að því að flytja mengað efni sem unnt er að losa í landfyllingar og koma því fyrir án þess að það mengi út frá sér.
2. **Lífríki:** Í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla um áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og leggja mat á áhrif dýpkana, gerð landfyllinga og efnislosunar á lífríkið, í ljósi niðurstöðu sýnatöku, og m.a. leggja mat á útbreiðslu gruggs og möguleg áhrif þess á lífríkið.
3. **Fráveita og byggingar á hafnarsvæði:** Í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla um og leggja mat á áhrif fráveituframkvæmda sem teljast hluti af hafnarframkvæmdunum. Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir breyttri legu útrása og hreinsun fráveitu.

Reykjavík, 4. október 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir